

Skýrsla formanns Fuglaverndarfélag Íslands fyrir árið 2002

Lögð fram á aðalfundi 5. apríl 2003

Starfið á árinu einkenndist af baráttunni fyrir vernd hálandisins, gegn ofurvaldinu við Háaleitisbraut og þverhausunum við Austurvöll. Annað starf var talsvert og að mestu með hefðbundnu sniði, en aukin erlend samskipti, bæði vegna fyrrnefndrar baráttu og svo almenn samskipti við *BirdLife International* og félög þess, eru að verða æ stærri hluti af starfinu.

STJÓRN, AÐSETUR, FÉLAGAR

Á **aðalfundi** 6. apríl 2002 var Jóhann Óli Hilmarsson endurkjörinn formaður til eins árs, Björk Guðjónsdóttir (meðstjórnandi), Daníel Bergmann (gjaldkeri) og Arnór Þórir Sigfússon (varaformaður) til tveggja ára. Aðrir í stjórn eru Einar Ó. Þorleifsson (meðstjórnandi), Jón Hallur Jóhannsson (meðstjórnandi) og Ólafur Einarsson (ritari). Stjórnin skipti með sér verkum, eins og sést hér á undan. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu.

Félagið leigði **skrifstofu** og aðstöðu af Landvernd að Ránargötu 18, í húsi Skógræktarfélag Íslands.

Félagar töldust vera 450. Einn af stofnendum félagsins, Úlfar Þormóðsson augnlæknir, lést á árinu.

Formaður heimsótti **Austurlandsdeild** Fuglaverndarfélag Íslands í apríl. Hann hélt myndasýningu og haldinn var aðalfundur. Formannsskipti urðu og tók Halldór Walter Stefánsson við af Skarphéðni Guðmundi Þórisssyni. Aðrir í stjórn voru kosnir Berglind Steina Ingvarsdóttir og Vigfús Hjörtur Jónsson.

FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

Evrópusöngkeppni fugla var haldin samhliða hinni eiginlegu söngkeppni í Tallin. Að keppninni stóðu Eistneski náttúruverndarsjóðurinn og Fuglaverndarfélag Eistlands í samvinnu við símafyrirtækið Tele2. Markmið keppinnar var:

- Að kynna fjölbreytileika Evrópskrar náttúru (umhverfis) í gegnum fugla.
- Að auka þekkingu á fuglum og efla umhverfisvitund.
- Að kynna verndun mikilvægra fuglasvæða og tegundir í yfirvofandi hættu.

Fjáröflun til verndar viðkomustöðum farfugla. Tuttugu og eitt Evrópuland sendu þátttakendur. Hér var forkeppni, í tengslum við Stöð 2, Rauða torgið og fleiri aðila. Í net- og símakosningu, sem um 1300 manns tóku þátt í, fékk heiðlóan 33% atkvæða, í öðru sæti var músarrindillinn með 26% atkvæða og fast á hæla honum kom svo

himbriminn með 24% atkvæða. Sólskríkjan og skógarþrósturinn hlutu síðan færri atkvæði. Lokakeppnin var tvískipt, netkosning og kosning valnefnda í hverju landi og voru úrslitin kynnt samhliða söngkeppninni 25. maí. Skemmst er frá því að segja, að lóan vann netkosninguna eftir æsispennandi lokaspött gegn blábrystingi frá Belgíu. Í dómnefndakosningunni var lóan í hefðbundnu íslensku sæti eða því 15. Þessi keppni var góð auglýsing fyrir félagið og setti jákvæðan stimpil á það, en vegna baráttunnar kann það stundum að virðast vera klúbbur kverúlanta.

Tveir **fræðslufundir** voru haldnir:

- 14. mars héldu Daníel Bergmann og Jóhann Óli Hilmarsson myndasýningu um fugla og náttúru á sunnanverðum Pýreneaskaga.
- 28. nóvember hélt Arnþór Garðarsson erindi um straumendur.

Fjórar **vettvangsfræðslur og fuglaskoðanir**

- 17. mars: Fuglaskoðun í Elliðavogi.
- 14. apríl: Fuglaskoðun í Grafarvogi.
- 5. maí: Hinn árlegi flórgoðadagur Fuglaverndarfélagssins og Umhverfisnefndar Hafnarfjarðar verður við Ástjörn við Hafnarfjörð.
- 8.júní: fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa.

Garðfuglakönnun hélt sínu striki, en hún fór af stað haustið 1994. Haustið 2002 var því 9. haustið sem þessi skemmtilega könnun fer af stað. Þátttaka var með svipuðu móti, um 20 félagar sendu inn athaganir sínar.

Friðlandið í Flóa var rekið sem fyrr. Göngustígur var afmarkaður og sett upp tvö fræðsluskilti. JÓH og fleiri fóru í nokkrar ferðir með hópa um svæðið og ein opinber ferð var um vorið. Ekki fékkst lausn á landskiptamálunum. Pokasjóður (áður Umhverfissjóður verslunarinnar) styrkir friðlandið.

Arnarvarp gekk vel og sá Kristinn Haukur Skarphéðinsson um arnargæslu sem fyrr. Arnarstofninn telur nú um 50 pör, 150 til 200 fugla að hausti og fer stofninn hægt vaxandi. Varpárangur hefur þó ekki batnað og er hann mun lélegri en í nágrennalöndunum.

Félagið átti fulltrúa í **nefnd um endurheimt votlendis**. Nefndin hélt nokkra fundi á árinu og Steinstaðamýri í Skagafirði var endurheimt. Unnið var að fleiri endurheimtarmálum. Fulltrúi félagsins í nefndinni var Einar Ó. Þorleifsson.

ÚTGÁFA

Tvö **fréttabréf** komu út og tvö **jóla- og tækifæriskort**. **Heimasíðan** er orðinn einn helsti vettvangur samskipta við féлага. Þar var aukið við myndefni, m.a. frá Kárahnjúkum, Þjórsárverum og friðlandinu. Fuglaverndarfélagið og Hálendishópurinn gáfu út barmmerki um haustið með áletruninni: Þjóðgarður – ekki Kárahnjúkavirkjun. Merkið seldist vel og stóð rúmlega undir kostnaði.

SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG OG SAMTÖK

Félagið tók þátt í **Degi umhverfisins** 25. apríl, ásamt frjálsum félagasamtökum.

Um mánaðamótin maí/júní tókum við þátt í sýningunni **Sumarhúsið og garðurinn** í Mosfellssveit. Þar var félagið með bás og kynnti starfsemi félagsins, fuglahús, fóðrun fugla og margt fleira.

Samþykkt var, að leggja **Skógræktarfélagi Garðabæjar** lið við að kanna fuglalíf á skógræktarsvæðum við Vífilsstaðavatn. Undirbúningur hófst á árinu, en könnunin fór ekki af stað fyrr en árið 2003.

Einar Ó. Þorleifsson sótti **fund, skipulagðan af Goose Specialist Group** í El Rochio á Spáni, sem haldinn var á vegum Wetlands International. Ferðin var fjármögnuð með barmmerkjasölu. Á fundinum voru ógnir, sem heiðagæsinni kunna að stafa af virkjanaáformum kynnt í erindi sem Einar hélt.

Falcon Scott heimsótti **áhugmenn um vernd Þjósárvera** í nóvember og talaði á fundi í þéttsetnu Austurbæjarbíói. Mikil stemming var á fundinum og hugur í mönnum, að standa vörð um náttúruperluna Þjósárver. Fuglaverndarfélagið sá um hluta af dagskrá Falcons og konu hans, formaður var m.a. til leiðsagnar í ferð í Þjósárver ásamt Sigprúði Jónsdóttur.

Bættu einhverju inn um BirdLife, það var enginn fundur á árinu, en eitthvað annað.

Ýmsar ályktanir, kærur og athugasemdir:

- Umhverfisnefnd Alþingis sendi Fuglaverndarfélaginu til umsagnar þingsályktunartillögu Vinstri Grænna um stækkun friðlandsins í Þjósárverum og var henni vel tekið af stjórn.
- Mars: Stjórnsýslukæra vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum uppfyllingar í Arnarnesvogi, Garðabæ.
- Ágúst: Athugasemdir við deiliskipulag Norðlingaholts og Klapparholts.
- September: Félagið kærði úrskurð Skipulagsstofnunar vegna Norðlingaölduveitu í Þjósárverum í september.
- September: Ályktun um rjúpuna og rjúpnaveiðar.
- Kæra til Bernarsáttmálans undirbúin í samvinnu við Royal Society for the Protection of Birds, BirdLife International, World Wide Fund for Nature, Náttúruverndarsamtökin og Wildfowl and Wetlands Trust.